

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Gísla Stefánssyni um sjúkraþyrlu á Suðurlandi.

1. Telur ráðherra þörf á að styrkja sjúkraflutninga á Suðurlandi með sjúkraþyrlu?

Útköllum og verkefnum tengd sjúkraflutningum á Suðurlandi hefur fjölgað nokkuð á undanförunum árum og þá sérstaklega á starfssvæði Selfoss og Hafnar í Hornafirði. Til að bregðast við þeirri þróun hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana, þar á meðal með bráða-viðbragðsbíl staðsettum í Skaftafelli sem einnig nær til ferðamannastraums í kringum Jökuls-árlón yfir sumartímann. Þá hefur fjárhagsleg styrking verið veitt til að standa straum af mönnum viðbótarsjúkrabíl sem dekkar uppsveitir Árnessýslu sem er fjölmennt sumarhúsa- og ferðamannasvæði.

Ekki hefur tekist að tryggja fjármögnun sjúkraþyrlu á suðvesturhluta landsins. Horft er til þess, í samvinnu við önnur ráðuneyti, að efla viðbragðsgetu þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar í þágu landsmanna allra. Slík styrking myndi án efa jafnframt nýtast sjúkraflutningum á Suðurlandi.

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fylgt verði eftir samþykkt ríkisstjórnarinnar frá árinu 2019 um að ráðast í tilraunaverkefni um notkun sjúkraþyrlu til að styrkja sjúkraflutninga og veita þannig bráðveikum og slösuðum sérhæfða þjónustu með sem skjóttust hætti?

Árið 2019 lagði meiri hluti fjárlaganefndar til í nefndaráliti sínu að ráðist yrði í tilraunaverkefni um notkun sjúkraþyrlu. Tillagan hefur verið lögð fram í fjármálaáætlun síðustu ár en ekki verið samþykkt. Ráðherra hyggst halda áfram að beita sér fyrir framgangi málsins en telur mikilvægt að tryggja að sjúkraflug með þyrlu verði eftt á öllu landinu og að núverandi þjónustuframboð og samlegðaráhrif verði höfð að leiðarljósi. Þá telur ráðherra skynsamlegt að aðeins einn þjónustuaðili sinni sjúkraflugi með þyrlum á Íslandi í ljósi fjölda útkalla.